

## 059/01 - Dritvík SH 412

Dritvík SH 412, brennur og sekkur á Breiðafirði

### Dritvík SH 412

**Skipaskr.nr.:** 1173

**Smíðaður:** Stykkishólmi 1971 Eik

**Stærð:** 51,14 brl; 49,00 bt

**Lengd:** 20,70 m **Breidd:** 5,16 m **Dýpt:** 2,50 m

**Vél:** Caterpillar 3408 300,00 kW **Árgerð:** 1985

**Annað:**

**Földi skipverja:** 5

### Atvikalýsing

Þann 16. júlí 2001 var Dritvík SH 412 á dragnótarveiðum á Hólatúni á Breiðafirði, sem er um 20 sml. NNA frá Ólafsvík. Veður: Logn og sléttur sjór.

Um kl. 19:20 var ákveðið að skipta um veiðisvæði og sett á ferð og haldið á blett sem kallaður er "12 mílur" sem er um 10-15 sml. vestar. Í beinu framhaldi fór skipstjórinn niður í lúkar til að fá sér að borða. Stýrimaður var við stjórn bátsins og eftir um það bil fimm mínútur varð hann var við svartan reyk, sem kom upp um loftventil frá vélarrúmi, sem staðsettur er stjórnborðsmeginn framan við stýrishús. Hann opnaði lúguna niður í vélarrúmið og þá mætti honum mikill reykur, en engan eld var að sjá. Stýrimaðurinn ætlaði þá niður í rýmið til að athuga hvað væri að.

Í þann mund kom skipstjórinn á vettvang og kom í veg fyrir að stýrimaðurinn færi niður. Sló hann af ferð, rauf tengsl á skrúfu og síðan yfirgáfu þeir báðir stýrishúsið. Skipstjóranum tókst að komast aftur inn í brúnnu og ýta á neyðarhnapp sjálfvirku Tilkynningarskyldunnar og reyndi að kalla á rás 8 og loka fyrir olú til aðalvélar og stöðva hana.

Hafist var handa við að sjósetja gúmmíbjörgunarbáta og gekk sú aðgerð vel. Skipstjórinn sá þá að reykurinn í stýrishúsinu var nánast horfinn og fór hann ásamt öðrum skipverja inn í brú og reyndi að lýsa með vasaljósi niður í vélarrúmið. Sáu þeir engan eld vegna reyks sem var þar niðri. Skipstjórinn lokaði þá hurðum og gluggum á brúnni og eftir það yfirgáfu skipverjar bátinn.

Um kl. 19:35 kom tilkynning frá Loftskeytastöðinni í Reykjavík um að Dritvík væri að brenna og áhöfnin að yfirgefa bátinn. Varðskip og Mb. Ingibjörg SH 174 héldu til bátsins og hófst slökkvistarf kl. 20:44 af varðskipsmönnum. Þá var mikill eldur laus í bátnum og kom slökkvilið á bát frá Ólafsvík til aðstoðar við slökkvistarfið.

Mb. Ingibjörg SH 174 tók síðan Dritvík í tog, hélt áleiðis til Ólafsvíkur og kom með hana þangað um kl. 01:30. Eftir komuna til hafnar var haldið áfram að reyna að ráða endarlega niðurlögum eldsins sem alltaf kom upp aftur. Um kl. 03:30 hafði eldurinn náð að magnast svo upp aftur um borð að hætta var talinn á að báturinn myndi sökkva í höfninni. Var Dritvíkin því dregin út úr höfninni og kl. 04:16 sökk hún grunnt fyrir utan Enni við Ólafsvík.

### Við rannsókn kom fram

- að ekki er vitað hvað olli brunanum;
- að 3000 ltr. af olú var um borð;
- að raflögn var endurnýjuð í bátnum 1997;
- að brunaviðvörðunarkerfið virkaði ekki fyrr en seint;
- að skipverjar lokuðu ekki lúgunni niður í vél.

### Nefndarálit

Eldsupptök eru óupplýst og því ályktar nefndin ekki í málinu en telur líklegt að hægt hefði verið að minnka útbreiðslu eldsins með því að loka lúgunni niður í vélarrúmið.

